



Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar - kaupmáttur jókst um 5,8% milli ára

Launavísitalan hækkaði um 3,7% milli desember og janúar samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 10,3%. Þetta er mesta hækkun launavísitölunnar í einum mánuði síðan í júní 2011 og mesta árshækkun frá því í október 2016.

Í janúar 2020 hækkaði launavísitalan um 0,7%, en þá var ársbreytingin 4,9% þannig að launabróunin er verulega hraðari nú en þá. Árshraði hækkunar launavísitölunnar jókst nær stöðugt á árinu 2020 og náði hámarki í nóvember þegar hann var 7,3%, var svo svipaður í desember og tekur nú stórt stökk.

Þann 1. janúar sl. urðu launahækkunir á nær öllum vinnumarkaðnum á sama tíma. Lægstu laun innan kaupmáttarvísitalunnar hækkuðu um 24 þúsund krónur á mánuði og hærri laun um 15.750 krónur. Töluverð hækkun launavísitölunnar í janúar kom því ekki á óvart og mögulega mun hún hækka eitthvað í febrúar vegna þessa.

Kaupmáttur launa enn í hæstu hæðum


Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% milli janúarmánaða 2019 og 2020. Launavísitalan hækkaði um 10,3% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára er áfram töluverð, eða 5,8%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi, þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitala hefur haldið nokkuð vel síðustu mánuði og hefur kaupmáttur launa aldrei verið hærri en nú í janúar.

Áhrif vinnutímastyttingar


Breytingar á vinnutíma og samsetningu hans eiga ekki að hafa áhrif á launavísitöluna nema um sé að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga. Í kjarasamningum sem gerðir voru á árunum 2019 og 2020 er að finna nokkur slík ákvæði um styttingu vinnutíma sem voru talin ígildi launabreytinga.

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launabróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Í kjarasamningum á opinberum markaði eru ákvæði um styttingu vinnuvikunnar um 13 mínútur á dag frá 1. janúar 2021 hjá launafólki á mánaðarlaunum í dagvinnu. Vinnutímastytting af þessu tagi er talin ígildi launabreytinga og hefur áhrif til hækkunar á launavísitölu. Vinnutímastytting vegna niðurfellingar á neysluhléum eða samþjöppun hefur hins vegar ekki áhrif á launavísitölu þegar einungis er um að ræða breytingu á viðveru.

Áhrif styttingar vinnutíma á launavísitölu á tímabilinu frá 2019 fram til nóvember 2020 hafa verið metin um 0,8 prósentustig. Fyrsta mat Hagstofunnar á áhrifum vinnutímastyttingar í janúar 2021 á launavísitöluna er um 0,4 prósentustig, eða rúmlega 10% af breytingu vísitölnnar um áramót. Hagstofan mun birta endanlegt mat sitt á áhrifum vinnutímastyttingar á launavísitölu frá nóvember 2019 til janúar 2021 í lok apríl næstkomandi, samhliða birtingu á niðurbroti launavísitölu fyrir janúar.

Laun hækka meira á opinbera markaðnum

Niðurbrot launavísitölnnar eftir mörkuðum er nú til fyrir nóvember. Í nóvember höfðu laun á opinbera markaðnum hækkað um 9,9% milli ára, öllu meira hjá sveitarfélögum en ríkinu. Á sama tíma hækkuðu laun á almenna markaðnum um 6,4%.


Kjarasamningar í þessari lotu voru gerðir mun seinna hjá meirihluta opinbers starfsfólks og fólu þeir í sér tvær kjarasamningshækkanir á árinu 2020, vegna ársins 2019 og 2020, og einnig hækkun 1. janúar 2021. Því var um að ræða þrjár kjarasamningshækkanir hjá þeim hópum sé horft til 12 mánaða tímabils.

Þetta þýðir að laun á opinbera markaðnum hafa nú hækkað meira en á þeim almenna sé miðað við upphaf ársins 2015.

Launapróun hagstæð en vinnumarkaður veikur


Atvinnuleysi jókst verulega á síðasta ári og var skráð almennt atvinnuleysi 11,6% í janúar og atvinnuleysi vegna hlutabóta 1,2%. Heildaratvinnuleysi var því 12,8% í janúar og hefur ekki verið meira í annan tíma. Þessi jákvæða launapróun sem við sjáum nú er því ekki beint í takt við slakan vinnumarkað.

Launahækkun einstakra hópa nóvember 2019 - nóvember 2020




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting kaupmáttar á síðustu 12 mánuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.